



Nýr vegur kominn að Biskupstungnabraut

Nýi vegurinn er kominn að Biskupstungnabraut eins og glöggir vegfarendur hafa tekið eftir. Það er áhugavert að setja dróna á loft og mynda í þá átt sem vegurinn kemur til með að liggja þegar ný Ölfusárbrú verður tekin í gagnid. Á myndinni sem Hjalti Snær Helgason tók má glöggva sig á vegstæðinu. -gpp

Brunavarnir Rangárvallasýslu komnar í nýtt hús

Brunavarnir Rangárvallasýslu hafa nú fært sig í nýtt og glæsilegt húsnæði að Dynskálum 49. Húsnæðið er 400 fm og leysir af hólmi 120 fm húsnæði sem Brunavarnir hafa notast við frá 1969.

Nýja aðstaðan uppfyllir allar nútímakröfur til slökkvistöðva og þar er m.a. fyrirtaks búningaöðstaða, salur til námskeiðahalds og stórt útsvæði sem hentar vel fyrir minni æfingar. Húsið var keypt nýtt af B. Sverrissyni ehf og var það Trésmiðja Ingólfs sem innréttaði en eftirlit með verkinu hafði Ólafur Rúnarsson. Bygging húsnæðisins og framkvæmdin öll hefur gengið í heildina mjög vel og hefur verkið staðist



kostnaðar- og tímaáætlanir með glæsibrag.

Það má með sanni segja að hin nýja slökkvistöð auki til mikilla muna öryggi íbúa

og gesta í Rangárþingi og sannarlega ástæða til að gleðjast. Formleg opnun og opið hús verður þó látið bíða betri tíma í ljósi aðstæðna í samfélaginu.

Viljayfirlýsing vegna uppbyggingar menningarsalar Suðurlands



Fimmtudaginn 3. september sl. undirrituðu eigendur að Eyravegi 2 á Selfossi sem m.a. hýsir menningarsalinn og Hótel Selfoss viljayfirlýsingu um samstarf vegna uppbyggingu menningarsalar Suðurlands. Það voru Gísli H. Halldórsson, bæjarstjóri Árborgar, Ragnar Bogason frá Hótel Selfossi, Arnar Sverrisson frá Turninum 800 ehf. eigandi hóteltunnisins fyrir ofan menningarsalinn og Bent Larsen frá LARSEN hönnun og ráðgjöf ehf., eigandi húsnæðisins sem Huppa, Subway og Dominos leigir sem undirrituðu viljayfirlýsingu um samstarf við fyrirhugaða uppbyggingu á menningarsalnum sem staðið hefur í fókheldu húsnæði sl. 40 ár.

Bjartsýni um framhald verkefnisins

Það ríkti bjartsýni í hópnum um framhald verkefnisins en Sveitarfélagið Árborg hefur stofnað byggingarnefnd um fyrirhugaðar framkvæmdir þar sem einnig er fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytisins en Ríkisstjórn Íslands hefur lagt fjármagn á þessu ári í undirbúningsvinnuna og fyrirhugað er aukið framlag vegna framkvæmdanna en salurinn á að þjóna hlutverki menningarsalar fyrir Suðurland. Undirbúningsvinnan er nú í fullum gangi og mun Ari Guðmundsson frá verkfræðistofunni Verkís halda utan um þá vinnu með byggingarnefndinni.

Hella komin í 5G samband

Uppbygging á 5G fjarskiptakerfinu er nú í fullum gangi hér á landi. Hella bættist í hóp þeirra bæja sem státað geta af 5G netsambandi eftir að fjarskiptafyrirtækið Nova setti upp senda þar og í Sandgerði í síðustu viku. Nova, sem fékk 5G rekstrarleyfi frá Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) í vor og hóf að bjóða þjónustuna til almennra viðskiptavina

þann 5. maí síðastliðinn, fyrst íslenskra fjarskiptafyrirtækja, vinnur nú að uppbyggingu 5G þjónustusvæðis á fleiri stöðum á landinu. Auk Hellu og Sandgerðis eru 5G sendar einnig komnar upp í Vestmannaeyjum og á nokkrum svæðum í Reykjavík. Stefnir Nova að því að vera búid að 5G-væða stærstan hluta landsins á næstu tveimur árum.

Fáðu
fagmann
í verkið

20 ára
2000-2020

PÍPULAGNIR
HELGA

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656


JÖTUNN

Austurvegi 69 // 800 Selfoss // 480 0400 // jotunn.is // jotunn@jotunn.is



UNDRALAGNIR
ÖLL ALMENN PÍPULAGNINGAÞJÓNSTA

SÍMI 8484768
UNDRALAGNIR@GMAIL.COM
JÓN KARL LINDAL PÍPULAGNINGAÞEISTARI



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - [f/keyrsla.is](https://www.facebook.com/keyrsla.is)

Sýning hjá myndlistarnemum FSu

Myndlistarnemar FSu halda nú áfram uppteknum hætti að setja upp sýningu í opinberu sýningarrými utan skólans. Nemendur í framhaldsáföngum fá þá þjálfun í uppsetningu og kynningu á eigin verkum. Að þessu sinni eru það nemendur í teikningu á þriðja þrepi sem sýna í Listagjanni á Bókasafni Árborgar 10. - 30. september. Verkin eru unnin á vorönn 2020. Þau sýna mismunandi skyggingu hluta og náttúruforma. Þá eru gerðar tilraunir með blindteikningu og hlutfallaskiptingu í andlitsmyndum. Teiknaðar ýmis konar byggingar út frá 2-3 hvarfþekkingu og settar í fjarviddarlandslag, að endingu er öllu blandað saman til að ná fram súrrealískum áhrifum.

Það er margt á seyði í listalínu FSu og áhugi nemenda mikill.

Boðið er upp á fjölbreytt

úrval áfanga sem opnir eru öllum nemendum burtséð frá því hvort þeir eru á brautinni eður ei. Það er alltaf gefandi og gaman fyrir kennsluna að fá eldri fólk með áhuga á skapandi greinum inn í hinn hefðbundna nemendahóp.

Meðal hins mikla úrvals af skapandi áföngum sem boðið er upp á í FSu ásamt myndlist má nefna stafræna smíðju, Fablab, kvikmyndun, leiklist, textilhönnun, grafíska hönnun og grafíska miðlun.

Veggjalistin er sýning sem alltaf er opin áhorfendum en veggurinn við bílastæði skólans var allur endurnýjaður í vor þegar gefið var grænt ljós á starf innan skólans eftir fyrstu Covid-bylgjuna. Nemendur og kennarar í myndlist lögðust á eitt og útkoman er frábær myndlistarsýning.

Myndlistarkennarar FSu,
Lísa og Ágústa



Broddmjólkurskot til heilsuefningar

Guðmundur Ármann og kona hans Birna G. Ásbjörnsdóttir eru eigendur sprotafyrirtækisins Brodds. Hugmyndin gengur út á það að nota afurðina brodd til góða fyrir meltingarkerfið. Broddmjólk er, fyrir þá sem ekki þekkja, fyrsta mjólkinn eftir að kýr bera kálf. Verkefnið hlaut brautargengi í Icelandic Startup og var valið til að taka þátt í viðskiptahraðlinum *Til sjávar og sveita – frá hugmynd í hillu*.

Áhuginn eykst því meira sem við rannsökum þetta

„Byrjunin er kannski sú að það hefur lengi verið draumur hjá okkur hjónunum að vinna meira saman með okkar ólíka bakgrunn. Þá höfum við í gegnum tíðina, þegar við komumst í broddmjólk, notað hana eins og hún kemur fyrir sem skot á morgnana. Yfir morgunsonanum kom svo upp sú hugmynd hvort við gætum gert eitthvað með þetta. Upp úr því fórum við að ýta boltanum af stað. Við höfum svo viðað að okkur upplýsingum og gögnum um þetta í gegnum tíðina og eftir því sem við rannsökuðum málið betur því áhugasamari urðum við með að gera úr þessu vöru,“ segir Guðmundur Ármann.

Hugmyndin að taka afurð sem ekki er nýtt og nýta hana

Samkvæmt Guðmundi er broddmjólkinn ekki nýtt að fullu. Hugmyndin er að taka hana og nýta betur og gera úr henni vöru sem hægt væri að kalla orkuskot. „Hugmyndin er að búa til einingar sem eru hentugar fyrir fólk til þess að neyta með reglulegum hætti.“ Þegar ég spyr Guðmund um rannsóknir á ágæti broddmjólkurinnar segir hann: „Það eru ekki neinar íslenskar rannsóknir sem hafa verið gerðar um þetta. Við erum aðeins byrjuð að láta rannsaka þetta fyrir okkur með tilliti til þess hvaða áhrif þetta hefur á fólk til góðs. Það eru ekki komnar niðurstöður en rannsóknirnar lofa mjög góðu. Við erum að nota þær upplýsingar sem þegar hefur verið aflað og svo vinna að því að afla frekari upplýsinga með rannsóknum. Allt í því augnamiði að koma með nýja vöru á markað sem er íslensk broddmjólk fólki til heilsuefningar,“ segir Guðmundur.

Heppin að komast um borð í hraðalinn

Guðmundur og Birna eru afar ánægð að komast í hraðalinn. „Það eru kannski einhver 70 verkefni sem sækja um en 10



Guðmundur Ármann.

eru valin. Það er auðvitað mikill heiður og við auðmjúk og þakklát fyrir það. Innan hraðalsins er svo breiður hópur sem er að koma inn og mér skilst allskonar aðgangur að aðstoð og hjálp við að taka svona hugmynd á mismunandi stigum sem styður við frumkvöðla í því að klára hugmyndina og koma henni á markað. Þannig að við fórum í þetta í haust og við bindum vonir við það að komast þokkalega langt áfram,“ segir Guðmundur að lokum.

-gpp

Félagsstarf á Covid-tímum

Mikilvægt er að halda lífi í félagsstarfi hverskonar, hvort sem það eru líknarfélög, sjálfsefandi félög, íþróttafélög eða önnur hagsmunafélög. Það sem öll þessi félög eiga sameiginlegt er félagsvitund og er hún grunnur að öllu félagsstarfi. Félagsvitund virkjust með þátttöku og samsömun við viðkomandi félag. Það að félagsmenn hafi verkefni og/eða hlutverk í félögum eykur þátttöku í félagsstarfi og styrkir hvert félag.

Það ástand sem nú er í samfélaginu þar sem fjöldatakmörkunir og fjarlægðareglur er við lí

iði getur haft mikil áhrif á skipulagt félagsstarf. Stór þáttur í öllu félagsstarfi er að njóta félagskapsins, vinna saman að verkefnum og koma fólki saman. Við sem stöndum fyrir félagskap ýmiskonar höfum fengið nýjar áskoranir í hendurnar, við þurfum að hugsa skipulagið upp á nýtt, vonandi bara tímabundið, og leita nýrra leiða til að halda lífi í félagsstarfinu. Þetta snýst ekki bara um félögin sjálf og félögana sem mynda félagskapinn heldur hefur starf félöganna oft virk áhrif inn í samfélagið, sem dæmi um það eru þeir sjóðir, stofnanir og félög sem oft treysta á styrktarframlag þessara félaga til að geta aðstoðað og hlúð enn betur að þeim sem þurfa stuðning eða lækningu vegna sjúkdóma eða stutt við þá sem ekki hafa nægt fjármagn á milli handanna til að framfleyta sér og sinni fjölskyldu.



Laufey Guðmundsdóttir, formaður Kvenfélags Grímsneshrepps.

Að þessu sögðu þá er alltaf hægt að finna nýjar útfærslur og nálganir á þeim verkefnum sem við tökum okkur fyrir hendur. Þó svo að Covid-ástandið hafi sett á okkur ákveðnar hömlur þá er einmitt mikilvægt að hugsa út fyrir kassann og halda lífi í öllu félagsstarfi þar sem það er hægt. Ég vonast til að þau félög sem ég starfa í verði virk eins og hægt er innan þess ramma sem okkur er gefið og við nýtum það tækifæri til að leita nýrra leiða í félagsstarfi. Einnig skora ég á önnur félög að hugsa nýjar leiðir til að viðhalda starfsemi í félögum og verkefnum.

Laufey Guðmundsdóttir,
Formaður Kvenfélags
Grímsneshrepps



Hljómsveitin Ómíland með sitt fyrsta lag

Hljómsveitin Ómíland er það fara að gefa út sitt fyrsta lag föstudaginn 4. september og kemur myndbandið út viku seinna. Ómíland er indie/folk-hljómsveit og semur lögin sín á íslensku og heitir fyrsta lagið „Geymi mínar nætur“. Ómíland varð til þegar söngkonurnar Þórdís Ímsland (sem er frá Höfn í Hornafirði) og Rósa Björg Ómarsdóttir enduðu saman í sóttkví, snemma á þessu ári. Til að styttu sér stundir fóru þær að semja lög saman og um leið og þær sluppu úr sóttkví fengu þær tónlistarmanninn og pródúsentinn Helga Reyni Jónsson til liðs við sig. Síðustu mánuðir hafa farið í upptökur og áframhaldandi samstarf og nú er komið að útgáfu fyrsta lagsins. Stefint er á útgáfu EP-plötu þeirra snemma árs 2021. Til gamans má geta að meðlimir Ómílands kynntust öll við gerð Voice Ísland í annarri þáttaröð og hafa verið vinir og samstarfsfélagar síðan þá. Nánari upplýsingar má fá á Facebooksíðu hljómsveitarinnar; Ómílandmusic.



Nýjar vörur
Nýjar vörur
Nýjar vörur

Motivo
Hönnun, tíska og gjöfjavara

Austurvegur 9 Selfossi S.4821700 Motivo.is

Er hugarró heima hjá þér?



Á dögunum kom upp leki í húsinu okkar. Þessi leki olli því að það þurfti að taka upp gólfefni, brjóta holu í gólfplötuna og grafa. Allt í einu var búið að tjalda í miðri stofunni til að koma í veg fyrir að ryk bærst um allt hús á meðan grafið var. Lekinn varð til þess að við urðum að færa húsgögn til og stofan varð mjög sérstök. Þegar búið var að laga lekann og steypa upp í holuna var tjaldið tekið niður. Allt í einu varð stofan svo stór og björt. Þegar við vorum búin að færa húsgögnin til og taka niður af veggjum áttuðum við okkur á því að það væri nú ef til vill sniðugt að mála. Úr var að málningarprufur voru fengnar og veggurinn blettaður með hinum ýmsu litum. Við erum sífellt að komast nær niðurstöðunni um hvaða lit við viljum hafa. Mitt í þessum aðstæðum hef ég áttað mig á því hvað þolinmæði mín og æðruleysi hafa vaxið hvað varðar breytingar á heimilinu. Hér áður fyrr fékk ég hugmynd um breytingar og hún varð að gerast strax. Núna finn ég hinsvegar að ég nýt vegferðarinnar. Hvert skref er fagnaðarefni. Það var gaman að finna ástæðuna fyrir leknum. Það var gaman þegar maðurinn minn var búin að steypa upp í holuna. Það var gaman þegar tjaldið í stofunni var tekið niður og það verður gaman þegar við verðum búin að velja litinn. Það verður líka gaman þegar við byrjum að mála og enn skemmtilegra

þegar við verðum búin. Ekki bara af því að við verðum búin að mála heldur af því að hægt verður að nota stofuna á ný, eiga þar samfélag og góðar stundir.

Lífið býður upp á allskyns tækifæri og allskyns áfanga- staði. Hverjum áfanga-

þess sem við höfum.

Flest okkar höfum þurft að verja meiri tíma heima hjá okkur á þessu ári en áður. Þetta hefur orðið til þess að fólk hefur farið í margskonar breytingar og gert ýmsa skemmtilega hluti. Það getur verið gott að skoða hvort það sé gert til þess að forðast ákveðnar tilfinningar sem maður er að upplifa eða af því að maður vill fá að gera skapandi hluti.

Í kjölfar samkomubannsins í vor samdi ég nýtt netnámskeið sem heitir *Hugarró heima*. Á þessu námskeiði miðla ég af eigin reynslu og deili því sem hefur nýst mér best til að öðlast hugarró heima og annarsstaðar. Mín von er sú að þetta námskeið hjálpi þér að þekkja sjálfa/n þig betur og gefi þér verkfæri til að upplifa jafnvægi, meira sjálfstraust, kjark og helling af hugarró. Námskeiðið er komið í sölu og verður til sölu sem stakt námskeið en einnig verður í boði að kaupa það sem hluta af stærri pakka og fá þá sex önnur námskeið innifalin sem fjalla um betra jafnvægi, markmiðssetningu, betri heilsu, betri svefn, betri líkamsmýnd og fleira. Ég hvet þig til að kíkja á þetta á heimasíðunni minni, www.gunnastella.is.

Ég minni líka á póstlistann. Ég sendi póst einu sinni í viku þar sem markmið mitt er að gefa tæki og töl til að einstaklingar geti upplifað meira jafnvægi og hugarró.

Kærleikskveðja,
Gunna Stella



ber að fagna. Það er svo mikilvægt að gleyma sér ekki í því að komast á áfangastaðinn eða ná markmiðinu að við gleymum þess að vera í núinu og njóta þess sem að höndum ber.

Heimilið okkar á að vera gríðastaður. Staður sem okkur líður vel á. Staður sem gerir það að verkum að við upplifum hvíld, afslöppun og gleði. Einu sinni upplifði ég heimilið mitt ekki þannig stað. Það var ekki af því að heimilið var óspennandi heldur af því að ég upplifði ekki hugarró innra með mér. Þegar við tökumst á við okkur sjálf. Líðan okkar, fortíð okkar og framtíð lærum við að vera í núinu og njóta

82%

Sunnlendinga
lesa Dagskrána
í hverri viku

Fáðu tilboð í auglýsingar í
s. 482 1944 eða á dfs@dfs.is.



SUNNULÆKJARSKÓLI

Vegna forfalla vantar aðstoðarmatráð í 75% starf í mötuneyti Sunnulaekjarskóla

Leitað er að einstaklingi með reynslu af starfi í mötuneyti eða skólaeldhúsi. Frumkvæði, metnaður, skipulagshæfni, sjálfstæð vinnubrögð og færni í mannlegum samskiptum eru æskilegir eiginleikar. Starfið hentar jafnt konum sem körlum. Ráðning í starfið er tímabundin.

Frekari upplýsingar gefur skólastjóri í síma 480 5400 eða tölvupósti, birgir@sunnulaek.is.

Sótt er um starfið á vef Sveitarfélagsins Árborgar, <http://starf.arborg.is>.

Umsóknarfrestur er til 10. september 2020 og þarf starfsmaður að geta hafið störf sem fyrst.

Skólastjóri

Framsýni leiðir til jákvæðrar þróunar

Það er ánægjulegt að sjá að mannfjöldapróun í Sveitarfélaginu Ölfusi er með jákvæðum hætti og óhætt að segja að sú þróun byggir á þeirri miklu og góðu vinnu sem unnin var á síðasta kjörtímabili. Í vor skrifaði fyrrverandi bæjarstjóri Ölfuss grein um Þorlákshöfn og þau stóru framfararskref sem stigin voru við höfnina á síðasta kjörtímabili en raunar teygir undirbúningur þeirrar vinnu sig aftur til ársins 2014. Ljóst er að uppskera góðra verka getur varað í mörg ár og ekki uppsker alltaf sá sem sáir. Hafnarverkefnið er ekki það eina sem styrkt hefur byggð og búsetukosti í Ölfusi og það eru í raun önnur verkefni sem voru flöskuháls fyrir íbúafjöldaaukningu bæði í Þorlákshöfn og í dreifbýlinu.

Ýdulyktin sem hélt Þorlákshöfn í gíslingu

Það er hægt að berja sér á brjóst í hamingjukasti yfir jákvæðri íbúapróun í Ölfusi í dag en það er rétt að halda því til haga að lykilforsenda fyrir eftirspurn eftir nýjum byggingarlóðum í þéttbýlinu Þorlákshöfn var lausn á langstærsta vandamáli samfélagsins til margra ára. Megnan óþef frá fiskþurrkun á hafnarsvæðinu lagði yfir bæinn, sérstaklega á góðviðrissdögum og hreinlega fældi fólk frá staðnum. Þáverandi bæjarstjóri ásat forseta bæjarstjórnar, í umboði bæjarstjórnar, leiddu viðræður við Lýsi um flutning á fiskþurrkunarverksmiðju félagsins út fyrir bæinn, á svæði sem valið var með tilliti til fjarlægðar við þéttbýlið og ríkjandi vindáttir. Það var ekki sjálfgefið að besta niðurstaða fengist úr þessari vegferð og margir höfðu efasemdir. Forstjóri Lýsis á miklar þakkar skyldar fyrir jákvæða nálgun á verkefnið en bygging nýrrar og sérhannaðrar verksmiðju var langt komin við lok síðasta kjörtímabils.

Flairi aðila þurfti til svo vel mætti til takast því það svæði sem skipulagt var á þessum tíma var hugsað fyrir sókn í atvinnumálum. Innviðir þurftu að vera til staðar til samræmis við framtíðarsýn og því gegndu Veitur mikilvægu hlutverki og starfsmenn þar eiga þakkar skyldar fyrir gott samstarf. Vegagerðin lagði líka hönd á plóg en glæsilegur malbikaður göngu- og hjólastígur liggur milli þéttbýlisins og iðnaðarsvæðisins vestan þess. Svæðið er stórt og

hugsað fyrir umhverfisvæna starfsemi sem mögulega getur haft í för með sér lyktaráhrif. Á síðasta kjörtímabili voru viðræður hafnar við nokkra aðila um flutning á svæðið, m.a. Síld og fisk og Einingaverksmiðjuna.

Þetta verkefni í heild tókst með eindæmum vel enda geta íbúar Þorlákshafnar nú notið blíðviðris, þurrkað þvott utan-dyra og haft glugga opna án truflunar frá þessari starfsemi.

Leikskólapláss fyrir börn í dreifbýli Ölfuss o.fl.

Það þarf sterka innvið og skýra framtíðarsýn til að byggja upp öflugt samfélag. Árið 2014 markaði tímamót fyrir íbúa og búsetuskilyrði í dreifbýli Ölfuss en á því ári var bæði samið um lagningu ljósleiðara í sveitarfélaginu og um kaup Ölfuss á hlut í leikskólum Hveragerðisbæjar. Yfir 99% heimila í sveitarfélaginu öllu höfðu þá kost á að fá til sín ljósleiðaratengingu hjá Gagnaveitu Reykjavíkur og fóru framkvæmdir að mestu fram á árunum 2014 og 2015. Þarna var Sveitarfélagið Ölfus á undan flestum sveitarfélögum landsins í slíkri tæknivæðingu sem styrkti innvið dreifbýlisins mikið. Kaupin á hlut í leikskólum Hveragerðisbæjar voru stórt framfararskref fyrir íbúa dreifbýlisins en mörg árin á undan hafði verið löng bið eftir leikskólaplássum í Hveragerði. Árið 2017 var svo byggður nýr og glæsilegur leikskóli í Hveragerði með þátttöku Sveitarfélagsins Ölfuss.

Ölfus eignaðist landið undir íbúðabyggingu í Gljúfurárholti árið 2016 og alla innviði, s.s. götur, stíga, lýsingu og veitur. Þetta og sú þjónustubót sem að framan er nefnd gerði það að verkum að samfélagið fékk aftur trú á uppbyggingu í Gljúfurárholti. Boruð var ný neysluvatnshola árið 2017 fyrir

Gunnsteinn R. Ómarsson

fyrrverandi
bæjarstjóri
Ölfuss



Sveinn S. Steinarsson

fyrrverandi
forseti
bæjarstjórnar
Ölfuss




dreifbýlisvatnsveituna Berglindi og veituhús byggt yfir holuna. Þessi framkvæmd var þörf og ljóst að hún myndi hafa gríðarlega jákvæð áhrif á búsetuskilyrði og íbúafjöldaþróun í dreifbýlinu.

Hamingjan er hér!

Auglýsingarátakið „Hamingjan er hér“ er algerlega einstakt á landsvísi, það fór vart framhjá nokkrum landsmanni og verðmæti þess fyrir sveitarfélagið er mikið. Þegar farið var af stað í undirbúning þess var fyrir séð að ekki væri hægt að opinbera það fyrr en framkvæmdir væru hafnar við nýju fiskþurrkunarverksmiðjuna svo neikvæð áhrif hafði lyktin á allt umtal um staðinn.

Hér er ekki tæmandi talning á jákvæðum verkefnum en sagan sýnir að mikill og jákvæður tími umbreytinga hefur átt sér stað í sveitarfélaginu, horft yfir síðasta áratug. Upplýsingar um starfsemi Ölfuss á árunum 2014-2018 er hægt að nálgast á vefsíðu sveitarfélagsins olfus.is í greinargerðum með fjárhagsáætlunum þessara ára.

Jákvæð íbúafjöldaþróun í Ölfusi var ekki að byrja á núlíðandi kjörtímabili eins og sjá má á íbúafjöldatölum á vefsíðu Hagstofu Íslands. Eftirfarandi mynd segir meira en mörg orð.



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Dagskráin, Eyraey 25, 800 Selfoss,
sími 482 1944, dagskrain@prentmet.is.
Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673,
gpp@prentmetoddi.is.
Auglýsingar: Katla Harðardóttir,
sími 482 1944, skh@prentmetoddi.is

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyraey 25, Selfoss, fyrir hádegis á mánudögum. Upplag: 8700 eintök. Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X
Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Visnagátur-höf. Ármann Dalmanntson - Útg. Bókautgáfan SKRUDDA

Gáta vikunnar

Kátir piltar kannske á fingri koss mér senda.
Konuheiti á ég enda.
Í mér bátar tíðum lenda.

Svar við gátu í blaði 2562: **RÓFA.**
1. lína: **Kattarrófa** - 2. lína: **Gulrófa**
3. lína: **Halarófa** - 4. lína: **Stelpurófa**



Matgæðingur vikunnar er
Hjördís Björnsdóttir.

Ég heiti Hjördís Björnsdóttir, fædd og uppalin hér í Úthlíð í Bláskógabyggð (hinum fornu Biskupstungum). Hér er brasað í mörgu og rekum við meðal annars nokkuð kraftmikla ferðaþjónstu, erum með veitingastaðinn Réttina og svo erum við með sauðfjárbú. Nefni þessa tvo þætti rekstrarins hér í Úthlíð sérstaklega vegna þess að matseldin hefst í tilhlýðingunni í fjárhúsinu á jólnum og svo líða 9 mánuðir þangað til við getum farið að elda.

Lambakjötið okkar er í aðalhlutverki á matseðlinum þar sem í boði er: Lambasamloka, lambahamborgari, lambasalat og lambalasagna. Allir eru þessir réttir vinsælir og gestir mæra ferskleika og gæði matarsins. Þar sem ég bý hér í þessu grænmetislandi þá er ég alltaf með íslenskt grænmeti með matnum, beint frá næsta grænmetisbónda.

Í síðustu viku eldaði ég lambahrygg eins og á að elda lambahrygg. Hann var úr haustslátrun 2019 þannig að við erum að keppast við að klára síðasta árs kjötið áður en næsti árgangur mætir á svæðið. Ég tók hrygginn út með góðum fyrirvara og hafði hann í kæli í tæpa viku. Lærði þetta einhverntíma af góðum matgæðingi og hef gert síðan.

Ég risti ofan í hrygginn og losa fille-ið frá beininu sker beggja vegna hryggjar, svo tek ég rauðar í fituna ofan á hryggnum. Þá gengur betur að láta kryddið renna inn í kjötið.

Ég hef fyrir sið að maka ólífuolíu um allan hrygginn, krydda svo með salti, pipar, Lamb islandia (krydd frá Pottagöldrum) og síðast setti ég kebab-krydd yfir allt saman. Ég var mjög ánægð með útkomuna. Sumum finnst ómissandi að hafa hvítlauk með lambakjöti og hef ég alltaf skorið nokkra geira niður í sneiðar og sett inn á milli

raufanna á hryggnum. Þessi aðferð skilar miklu bragði af hvítlauk og er hið besta mál að sleppa því ef það er einhver efi um að hvítlaukur falli öllum í geð. Munið að setja kryddið líka undir hrygginn á lundirnar.

Matseld:

Hitið ofninn í 220°C og setjið kjötið í heitan ofninn í 10 mínútur.

Takið kjötið út úr ofninum og lækkið hitann í 130°C setjið kjöthitamæli í hrygginn og ákveðið hversu rautt þið viljið hafa það. 55°C kjarnhiti er mjög góð steiking fyrir flesta, en ef ekki er áhugi fyrir að sjá rautt þá er að láta hitann síga upp fyrir 58°C.

Takið hrygginn úr ofninum og látið hann jafna sig í 15 – 30 mínútur. Breiðið vel yfir hann og hafið hann á hlýjum stað.

Síðast þegar ég eldaði hrygginn þá var ég fyrir mistök á undan áætlun með kjötið, hafði litið skakkt á klukkuna :-). Hryggurinn var tilbúinn kl. 11.30, en hádegisverður er skv. stjórnarskrá kl. 12.00 eftir útvarpsmessuna. Ég setti hann til hliðar, lét lok yfir ofnskúffuna og kláraði að elda sósuna. Þá fékk hann tímann sem ég hef alltaf klikkað á að gefa honum.

Meðlæti:

Ég elska grænmetið úr gróðurhúsunum hér í Bláskógabyggð og nágrannasveitarfélögum. Ég fæ aðallega grænmeti frá vinum mínum í gróðrarstöðinni Brúará sem er á Bøðmóðsstöðum. Uppáhaldið hjá okkur er fetaosturinn sem ekki má lengur heita feta.

Sósuna geri ég úr soðinu af hryggnum og ber fram rauðkál, grænar Ora baunir og rauðkál af sama uppruna. Rabarbarsultan er svo jafn mikilvæg og hryggurinn sjálfur.

Þessi matur heppnaðist það vel að elstu menn töldu sig varla hafa fengið betri mat um ævina – mátti greina tár á hvarmi þeirra sem nutu.

Skorað er á Guðmund Inga Arnarson bónda í Úthlíð.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Samstarfssamningur við Hjálparsveitina Tintron

Hjálparsveitin Tintron og Grímsnes- og Grafningshreppur undirrituðu samstarfssamning á dögunum. Í samningnum er m.a.

ákveðin peningaupphæð sem rennur í starf sveitarinnar sem og í unglingastarf innan sveitarinnar.

Auglýst er eftir umsóknum í Uppbyggingarsjóð Suðurlands

Menningarverkefni

Bætt **menning**, **velferð** og **samstarf**
svo lífsgæði eflist og mannlíf á
Suðurlandi blómstri

Atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni

Öflugt atvinnulíf á Suðurlandi með
aukinni **nýsköpun**, bættri **framleiðni**
og fleiri fyrirtækjum

Kynnið ykkur **áherslur** og **úthlutunarreglur** sjóðsins á www.sass.is

UMSÓKNARFRESTUR RENNUR ÚT
ÞRIÐJUDAGINN 6. OKTÓBER, KL. 16:00



RÁÐGJÖF UM ALLT SUÐURLAND

Ráðgjafar eru á starfsstöðvum um allt Suðurland.
Umsækjendur eru hvattir til hafa samband við ráðgjafa á vegum
SASS og fá aðstoð við gerð umsókna.



STYRKIR@SASS.IS



S. 480-8200



WWW.SASS.IS

Uppbyggingarsjóður er hluti af



SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURLANDS



SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA

LYFJA LAUGARÁSI

BREYTTUR AFGREIÐSLUTÍMI

frá og með 7. september

OPIÐ

10-16 mán - fim

10-13 föstudaga

Lokað lau - sun



Hólkur

Er hægt að gleðja mann meira á afmælisdegi eða jólu en með gjöf sem yljar?

Uppskriftn okkar að þessu sinni er einfaldur prjónahólkur, gerður úr dásamlegu handlituðu garni frá VATNSNES yarn sem heitir MCN Aran og er blanda af merino og kasmír ull. Sérlega hlýtt og mjúkt og fæst í nokkrum fallegum litum. Í hólkinn fór nákvæmlega ein 100 gramma hespa af garninu og verkfærið 60 sm hringprjónn no 6.

Fitjið upp 80 lykkjur með vel teygjanlegu uppfiti.

* Fjórar umferðir þannig: 4 sl l, 4 br l til skiptis og næstu fjórar umferðir prjónaðar 4 br l, 4 sl l til skiptis *. Endurtakið * - * þar til stykkið er orðið 30 sm langt. Þá ætti að vera nóg garn eftir til að prjóna þrjár umferðir og síðan fella laust af. Ein góð aðferð



til þess er þannig: Prj 1 l sl, stingið vinstri prjóninum til baka í gegnum fremstu 2 l á hægri prjóninum og prjónið í gegnum þær og þannig koll af kolli. Dragið endann í gegnum síðustu lykkjuna sem verður eftir á prjóninum. Gangið frá endunum.

Hægt er að nota hólkinn um hálsinn einfaldan eða tvöfaldan (eins og gert er á myndinni) eða bregða honum um eyrun og kollinn eins og hver vill.

Hönnun: Alda Sigurðardóttir



Hannyrðabúðin

Eyravegi 23, Selfossi // 555-1314



Nýjar íbúðir til sölu

Nýjar íbúðir til sölu að Álalæk 11, 800 Selfossi. Þær eru tveggja herbergja, önnur á neðstu hæð, hin á efstu hæð, báðar 64,3 m² að stærð.

Upplýsingar í síma **892 4614**

Pípari óskast

Lagnabjónustan ehf. á Selfossi óskar eftir að ráða pípara, vélvirkja eða mann vanaþingavinnu.

Helstu verkefni og ábyrgð

Almenn lagnavinna

Menntunar- og hæfniskröfur

Menntun og/eða starfsreynsla í faginu

Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð

Stundvísi, heiðarleiki og fagmennska

Sveinspróf kostur

Nánari upplýsingar veitir: Björn Ásgeir Björgvinsson framkvæmdastjóri í síma 696 2311.

Umsóknarfrestur til

20. september.

Umsóknir skulu sendar

á asgeir@lagnir.is.



Göngustígagerð í Friðlandi að Fjallabaki



Hella - þorp í Þjóðbraut

Nú er hægt að panta bókina „Hella - þorp í Þjóðbraut“ sem Ingibjörg Ólafsdóttir hefur tekið saman en áætlað er að hún fari í sölu nú í lok september.

Um bókina

Hvernig er fræjum þorps sáð í sveit og hvað ræður því hvar það sprettur? Hverjir taka sér þar búsetu og hvaðan ber þá að garði? Í bókinni Hella – þorp í Þjóðbraut sem nú lítur dagsins ljós er ef til vill að finna svör við þessum spurningum og ýmsum fleirum. Þar rekur Ingibjörg Ólafsdóttir sagnfræðingur fyrstu ár byggðarinnar á Hellu og þær aðstæður sem þorpið sprettur úr.


Í stuttu máli er rakin saga þeirra er fyrstir bjuggu í þorpinu, fyrstu húsum gerð nokkur skil sem og sögu jarðanna er Hella byggist úr. Að auki er nokkuð fjallað um sögu Rangárvallahrepps en Hella tilheyrði honum allt til ársins 2002. Auk sagnfræðilegrar yfirferðar byggir bókinn um margt á frásögnum heimamanna sem ljá henni litbrigði.

Bókina prýða meira en tvöþúsund myndir sem safnað hefur verið úr ýmsum áttum, jafn frá einstaklingum og úr stærri söfnum. Um tvö hundruð myndir koma úr safni þeirra Stolzenwald-feðga sem tóku mikið af myndum á Hellu á sinni tíð.

Hér gefur að líta sögu þorps sem mörgum er kært og reynist fjölþættari en margan grunar.

Ef þú vilt tryggja þér eintak er hægt að senda tölvupóst á netfangið ry@ry.is eða hafa samband í síma 488 7000.

Haft verður samband þegar bókinn er tilbúinn til dreifingar.



Rauðifoss sem er innan Friðlands að Fjallabaki var eitt þeirra svæða sem fékk úthlutað fjármagni úr Landsáætlun um uppbyggingu innviða. Undanfarnar vikur hefur fyrirtækið Stokkar og steinar sf. unnið að framkvæmdum við gerð göngustígar að Rauðafossi ásamt uppgræðslu á gömlum vegslóðum sem liggja um svæðið. Í þessari framkvæmd er lögð áhersla á að göngustígurinn falli sem best að landinu, að efni í stíginn sé af svæðinu, að upplifun að ganga stíginn sé góð og að allur gróður sem þarf að fjarlægja sé notaður til uppgræðslu þar sem þess er þörf. Göngustígurinn er um tveggja km langur og liggur frá bílastæðinu að fossinum.

Gönguleiðin að Rauðafossi er á rauðum lista Umhverfisstofnunar um svæði sem eru í hættu á að tapa verndargildi sínu vegna ágangs ferðamanna. Umferð um svæðið hefur aukist mjög mikið á undanförunum árum og því mikilvægt að grípa til aðgerða með því að gera göngustíg sem ber þá umferð sem fer um svæðið í dag. Einnig verður bílastæði lagfært

og stækkað um nokkur stæði í viðbót, en í dag er pláss fyrir um 6-8 bíla.

Markmiðið með þessari framkvæmd er að stýra umferð um svæðið og koma í veg fyrir að viðkvæmur gróður eins og mosi verði fyrir skemmdum. Einnig er markmiðið að bæta upplifun gesta að svæðinu með góðum göngustíg og útsýnisstöðum. Þetta er fyrsti áfangi af tveimur, en ráðgert er í öðrum áfanga að gera eina skýra gönguleið ofan við Rauðafoss og upp með Rauðfossakvísl.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á því að umrætt svæði er viðkvæmt og mikilvægt að einungis sé gengið á skilgreindum gönguleiðum. Á hluta svæðisins eru miklar mosapembur sem þola engan ágang, og því mikilvægt að undir engum kringumstæðum sé gengið út fyrir gönguleiðina á þeim svæðum. Þá þarf göngufólk sem notar göngustafi að hafa í huga að á svæðum þar sem er viðkvæmur gróður eins og mosi, séu göngustafir ekki notaðir þar sem þeir rífa mjög auðveldlega upp mosann.

Drónamyndir af uppbyggingu á Selfossi

Á Selfossi og nærsvæði er nóg um að vera í framkvæmdum. Vegir lagðir, grunnar grafnir, hús rísa og svo má lengi telja. Nokkur af þeim verkefnum sem í gangi eru má sjá á myndunum. Við myndirnar er svo skýringatexti til glöggvunar. Myndirnar tók Hjalti Snær Helgason.



Hjúkrunarheimilið við Hsu á Selfossi er farið að taka á sig mynd en vel má sjá hvernig húsið er í laginu af því sem komið er.



Þarna mun nýtt hverfi rísa, Árbakkaland, í samstarfi við Sigtún þróunarfélag.



Leikskólinn Goddheimar er sex deilda leikskóli sem rís í Engjalandinu á Selfossi.




Fjölnota íþróttahús rís hratt þessa dagana en verið er að koma stálvirkinu fyrir á sínum stað.



Eins og sjá má á myndinni er byggð byrjuð að mótast í Bjarkalandinu og fyrstu grunnarnir komnir vel af stað.

Ecoraster® fyrir innkeyrsluna

Grindur úr endurunnu plasti og eru endurvinnanlegar.
Blágræn lausn, auðvelt er að leggja.
Samlæst kerfi sem er m.a. vottað fyrir aðkomu neyðarbíla.
Þola 20 tonna öxulpunga tómar. 20 ára framleiðsluábyrgð.



VER lausnir ehf - www.ecoraster.is - 431 1010 - joi@verehf.is

Íþróttir

Efni sendist á dfs@dfs.is

Vetrarstarf Umf. Selfoss að hefjast

UMF. SELFLOSS Samhliða því að skólarnir hefja göngu sína rúllar vetrarstarf Umf. Selfoss af stað. Skráning er í fullum gangi á skráningar- og greiðslusíðunni Nóra á slóðinni selfoss.felog.is þar sem hægt er að dreifa greiðslum og nýta frístundastyrk Sveitarfélagsins Árborgar með því að skrá sig inn með raf-rænum skilríkjum.

Nánari upplýsingar um þjálfara, æfingatíma og æfingagjöld allra deilda má finna á vefsíðu Umf. Selfoss www.selfoss.net. Vinsamlegast athugið að rétt netfang verður að vera skráð í Nóra til að upplýsingar komist til skila.

Æfingar hafnar í handbolta

Æfingar hjá yngri flokkum í handbolta hófust 17. ágúst og fara þær fram í Hleðsluhöllinni, Iðu íþróttahúsi FSu.

Sundæfingar farnar af stað

Sundæfingar hjá gull, silfur og brons hópum undir stjórn Magnúsar Tryggvasonar hófust í lok ágúst og æfingar í koparhópum hjá Guðbjörgu H. Bjarnadóttur hófust í byrjun september. Fara æfingar fram í Sundhöll Selfoss.



Taekwondoæfingar hafnar

Æfingar í taekwondo hófust samkvæmt stundatöflu mánu-daginn 24. ágúst sl. Æfingar fara fram í sal taekwondodeildarinnar á annarri hæð í Baulu, íþróttahúsi Sunnúlækjarskóla.

Júðóæfingar í Sandvíkurskóla

Æfingar hjá júðódeild Selfoss hófust 1. september. Æfingar fara fram í sal júðódeildarinnar í gamla íþróttahúsi Sandvíkurskóla sem er staðsett norðan við Sundhöll Selfoss.

Fimleikaæfingar hafnar á ný

Æfingar í fimleikum hefjast á ný þriðjudaginn 1. september í Baulu, íþróttahúsi Sunnúlækjarskóla. Búið er að senda allar upplýsingar um hóp, þjálfara og æfingatíma til forráðamanna

þeirra iðkenda sem eru skráðir. Yngstu iðkendur í fimleikum á komandi tímabili eru fæddir 2016.

Vetraræfingar hjá frjálsum að fara af stað

Vetrarstarfið hjá yngstu hópum í frjálsum hófst um seinustu mánadarmót og meistarahópurinn hefur tímabilið mánudaginn 28. september. Æfingar fara fram í íþróttahúsi Vallaskóla.

Námskeið í rafíþróttum

Tólf vikna haustnámskeið hjá Selfoss eSports hófust 7. september. Æfingar fara fram í hús-næði Selfoss eSports í kjallara Vallaskóla. Boðið er upp á námskeið í fjórum mismunandi hópum.

Knattpyrnuæfingar á nýjum tímum til 21. september

Samhliða því að skólarnir hefja göngu sína breytast æfingatímar í knattpyrnu tímabundið. Upplýsingar um æfingatíma sem gilda til 21. september eru á vefsíðu félagsins en eftir þann tíma verður búið að gefa út nýja æfingatíma sem gilda fyrir komandi vetur.



Hólmfríður (t.v.) og Kaylan voru hetjur Selfyssinga í fjórðungsúrslitum. Ljósmynd af Fésbókarsíðu knattpyrnu-eildar Selfoss/GKS.

Selfyssingar í undanúrslit

KNATTPYRNA Bikarmeistarar Selfoss eru komnir í undanúrslit í Mjólkurbikarnum eftir frábæran 1-0 sigur á Íslands-meisturum Vals á JÁVERK-vellinum í seinustu viku.

Selfyssingar voru sterkari í fyrri hálfleik en náðu ekki að skora þrátt fyrir ágætar sóknir. Staðan var markalaus í hálfleik en dæmið snerist við í seinni hálfleik þar sem Valskonur tóku leikinn í sínar hendur að miklu leyti.

Kaylan Marckese var frábær í markinu og varði stórkostlega á 73. mínútu. Tveimur mínútum síðar kom leiftursókn

Selfyssingar sem skilaði sigurmarkinu. Dagný Brynjarsdóttir brunaði upp völinn og sendi snyrtilega sendingu til hliðar á Hólmfríði Magnúsdóttur sem kom á meiri ferðinni og negldi boltanum í netið af vítateigslínunni.

Valskonur voru ekki hættar og fengu dæmda vítaspyrnu þremur mínútum fyrir leikslok. Elín Metta Jensen tók góða spyrnu en markvarslan hjá Kaylan var ennþá betri.

Undanúrslit keppinnar fer fram 1. nóvember og úrslitaleikurinn á Laugardalsvelli fimm dögum síðar.

Brúarhlaupinu aflýst

FRJÁLSAR Stjórn frjálsíþróttadeildar Umf. Selfoss hefur tekið ákvörðun um að aflýsa Brúarhlaupi Selfoss árið 2020 vegna heimsfaraldursins af völdum Covid-19. Hlaupinu, sem átti að fara fram þann 8. ágúst síðastliðinn, var upphaflega frestað tímabundið en nú er ljóst að ekki verður af hlaupinu í ár.



Tók skoraði bæði mörk Selfoss gegn Haukum. Ljósmynd: Fótibolti.net/Hafliði Breiðfjörð.

KNATTPYRNA Selfyssingar hafa unnið sex leiki í röð í 2. deildinni og komið sér í þægilega stöðu á toppi deildarinnar ásamt Kórðrengjunum.

Selfoss vann sinn fimmta leik í röð þegar liðið mætti Haukum á JÁVERK-vellinum í seinustu viku. Haukar komust yfir snemma leiks og það var ekki fyrr en á 76. mínútu sem Hrvoje Tokić jafnaði leikinn þegar hann kom boltanum yfir línuna eftir klafs í teignum. Fjórum mínútum fyrir leikslok skoraði Tokić sitt annað mark og sigurmark Selfoss af vítapunktinum eftir að brotið hafði verið á Valdimar Jóhannssyni innan teigs. Lokatölur á Selfossi, 2-1.

Sjötti sigurleikurinn kom á sunnudag þegar liðið vann góðan 0-1 sigur gegn Fjarðabyggð á Eskifirði. Selfyssingar mættu ákveðnir til leiks og réðu lögum og lofum í fyrri hálfleik. Sigurmarkið kom strax á 22. mínútu þegar Þorsteinn Aron Antonsson skoraði með góðu skalamarki eftir aukaspyrnu utan af velli. Hvorugu liðinu tókst að skora í síðari hálfleik og Selfyssingar fögnuðu þremur dýrmætum stigum.

Selfyssingar sitja á toppi deildarinnar ásamt Kórðrengjunum með 31 stig að loknum fjórtán leikjum. Næsti leikur liðsins er gegn Víði í Garði í dag, 9. september, kl. 17:15.

Óvænt tap Selfyssinga

KNATTPYRNA Selfoss laut óvænt í gras gegn Stjörnunni í Pepsi Max-deildinni á JÁVERK-vellinum á sunnudag.

Gestirnir komust yfir strax á fyrstu mínútu og bættu öðru marki við á tíundu mínútu. Barbára Sól Gísladóttir náði að minnka muninn á 36. mínútu en Stjörustelpur svöruðu að bragði og leiddu 1-3 í hálfleik.

Seinni hálfleikurinn var einstefna Selfyssinga að marki Stjörnunnar en sóknin bar ekki árangur fyrr en í uppbótartíma að Helena Hekla Hlynisdóttir minnkaði muninn í 2-3 eftir fyrirgjöf frá Magdalenu Önnu Reimus.

Við tapið færðist Selfoss niður í fjórða sætið með 16 stig að loknum ellefu leikjum. Næsti leikur í deildinni er á heimavelli gegn toppliði Vals í dag, miðvikudag kl. 17:00.



Hamarshöll Vorsabæjarvöllum – endurnýjun á gervigrasi

HAMAR Mikil tilhökkun ríkir hjá iðkendum í Hamarshöllinni í Hveragerði að hefja æfingar á nýja gervigrasinu sem verið er að leggja á völinn. Verkið er unnið af starfsmönnum frá fyrirtækinu Leiktækjum og sporti ehf. Að sögn gengur verkið vel og líklegt að því verði lokið á tilsettum tíma. Grasið er af nýrri kynslóð gervigrasefna af tegundinni Edel Diamond

Blade. Sambærilegt gras er að finna á nokkrum gervigrasvöllum á landinu m.a. hjá KR, Víkingi, Fylki og á Sauðárkróki. Grasið er lagt á gúmmípúðann sem var undir gamla grasinu en hann er í góðu ástandi. Næst þjónustuhúsinu verður golfvallarrenningur lagður svonefndu kargagrasi sem nýtist golfurum í fleyghöggsæfingum. -gpp

Skákkennsla grunnskóla- barna í Fischersetri

SKÁK Sunudaginn 20. sept. nk. kl. 11:00 hefst skáknámskeið fyrir grunnskólabörn í Fischersetri. Námskeiðið er haldið í samstarfi við Sveitarfélagið Árborg, Skákskóla Íslands og Skákfélag Selfoss og nágrennis. Helgi Ólafsson, stórmeistari og skólastjóri Skákskóla Íslands hefur yfirumsjón með kennslunni. Þetta verða 10 skipti eða einu sinni í viku og þá á sunnudögum frá 11:00 – 12:30 og kostar allt námskeiðið 5000 kr. Varðandi frekari upplýsingar þá vinsamlegast hringið í síma 894 1275 eða sendið tölvupóst á netfangið fischeretur@gmail.com.



Skákmót fyrir grunnskóla- krakka í Fischersetri

SKÁK Skákmót verður haldið í Fischersetri sunnudaginn 13. sept. nk. fyrir grunnskólakrakka. Mótið verður í umsjón Helga Ólafssonar stórmeistara og skólastjóra Skákskóla Íslands og hefst kl. 11:00. Verðlaun verða veitt fyrir efstu þrjú sætin. Ekkert þátttökugjald og allir velkomnir. Frekari upplýsingar veittar í síma 894 1275 og hægt er að tilkynna þátttöku á netfangið fischeretur@gmail.com.



Samstarfsverkefni fjögurra stærstu félaganna

KÖRFUBOLTI Nú er óðum að hefjast. Á Suðurlandinu fór sameiginlegt lið Hrunamanna/Hamars/Selfoss/Dórs af stað með flottum sigri á Njarðvík í Hveragerði. Leikurinn var hin besta skemmtun og margir flottir leikmenn að sýna fín tilþrif. Liðið hefur hlotið það skemmtilega vinnuheiti „Suðurland“ enda um samstarfsverkefni fjögurra stærstu kkd. á Suðurlandi og verið að skapa þessum efnilegum drengjum tækifæri á að spila körfuknattleik á háu getustigi þannig að leikmenn geti bætt sig og um leið fengið dýrmæt tækifæri á að taka stór hlutverk sem þeir þurfa til að vaxa og dafna. Leikurinn byrjaði vel fyrir Suðurland sem komst strax á fyrstu mínútum í 14:3 forustu. Njarðvík kann hinsvegar ýmislegt fyrir sér í körfuboltafræðunum og komust hægt og rólega inni leikinn. Í lok þriðja leikhluta kom áhlaup hjá



Njarðvíkingum og náðu þeir að minnka muninn niður í níu stig, 65:56, og virtist allt vera að falla með Njarðvík. Suðurland náði þó að skora síðustu körfu leikhlutans og þegar klukkan gall fyrir síðasta leikhluta var munurinn ellefu stig, 67:56. Í lokaleikhlutanum reyndi Njarðvík allt sem þeir gátu til að ná muninum niður þar sem þeirra bestu menn, Elías Páls-

son og Join Baginski, skiptust á að skora fyrir sitt lið en náðu þó aldrei að ógna liði Suðurlands að verulegu marki og urðu lokatölur 94:79 Suðurlandi í vil. Flottur leikur hjá báðum liðum og gaman að byrja tímabilið á hörkuleik í Hveragerði.

Stigahæstir í liði Suðurlands voru Ísak Perdue 25 stig, Hringur Karlsson 21 stig og Jónas B. Reynisson 19 stig.

Héraðsþing HSK haldið á Hvolsvelli 17. september

HSK 98. héraðsþing HSK verður haldið í Hvolnum á Hvolsvelli fimmtudaginn 17. september 2020 og hefst stundvíslega kl. 17:00. Þingið verður óhefðbundið og ýmsum dagskrárliðum sleppt til að stytta þingið. Þá er mælt til þess að aðeins einn fulltrúi komi frá hverju félagi og ráði.

Sem kunnugt er stóð til að halda héraðsþing HSK þann 19. mars sl. Vegna Covid-19 ákvað stjórn HSK að fresta þinginu til 17. september.

Á heimasíðunni www.hsk.is má sjá tillögur frá stjórn HSK sem lagðar verða fram á þinginu, þ.m.t. fjárhagsáætlun HSK 2020 og tillaga kjörnefndar að nefndar- og stjórnarskipan 2020, ásamt fleiri gögnum er varða héraðsþingið.

Tinna best á Ragnarsmóti

HANDBOLTI Ragnarsmóti kvenna 2020 lauk í ágúst. Líkt og í karlaflokkki voru það Haukar sem hrepptu titilinn eftirsótt. Þá lagðist valnefnd mótsins yfir það hverjir fengu einstaklingsverðlaunin og var það Selfyssingurinn Tinna Sigurrós Traustadóttir sem var valin besti leikmaðurinn jafnframt því að vera lang markahæst. Eins var Lara Zidek, leikmaður Selfoss, valin sóknarmaður mótsins.

Það verður gaman að fylgjast með stelpunum okkar í Grill 66 deildinni í vetur en þess er ekki langt að biða að handboltinn fari að rúlla á ný.



Álfur Dilja enn að bæta metin

FRJÁLSAR Álfur Dilja Kristínardóttir úr Umf. Selfoss heldur áfram að bæta árangur sinn á frjálsíþróttavellinum, en á 15. Origo-móti FH sem haldið var í Hafnarfirði sl. fimmtudag bætti hún í þriðja sinn í sumar Íslandsmetið í sleggjukasti í 14 ára flokki stúlkna. Hún kastaði sleggjunni 41,12 metra, en fyrra met hennar var 41,05. Þetta er auk þess HSK met í 15 ára og 16-17 ára flokkum stúlkna.

Miðvikudaginn kl. 17:00

UMF
SELFSS
1936

JÁVERK-völlurinn

pepsi
MARK
DEILDIN 2020

JÁVERK-völlurinn

UMF
SELFSS
1936

Sunnudaginn kl. 14:00

2. deild karla

Óskað er eftir tilnefningum til Menntaverðlauna Suðurlands 2020

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) óska eftir tilnefningum til Menntaverðlauna Suðurlands

2020. Frestur til tilnefninga er til miðnættis miðvikudaginn 6. janúar nk. og þær skal senda á netfangið: menntaverdlaun@sudurland.is. Veitt verður viðurkenning sem og peningaverðlaun.

Nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðu SASS: www.sass.is.



SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA

Óskað er eftir tilnefningum til hvatningarverðlauna á sviði menningarmála á Suðurlandi 2020

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) óska eftir tilnefningum til samfélags- og hvatningarverðlauna

á sviði menningarmála á Suðurlandi. Frestur til tilnefninga er til miðnættis mánudaginn 12.

október nk. og þær skal senda á netfangið: menningarverdlaun@sass.is. Veitt verður

viðurkenning sem og peningaverðlaun sem nýtt verða til áframhaldandi menningarstarfs

á Suðurlandi. Nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðu SASS: www.sass.is.



SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA

FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU

Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 10:30-11:30 Sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 Fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 17:30 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni

Fundur alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu
Hveragerði, efri hæð,
fimmtudaga kl. 20:30.



S. 482 1944
dfs@dfs.is

BÍLAR

KIETTUR

Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi

Þjónustuskoðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílaviðgerðir.
Hjólástillingar



Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069



Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

ÞJÓNUSTA



S: 662-1122

Daglegar ferðir
SELFLOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is



Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

KIRKJUR

Þorlákskirkja

Sunnudagurinn 13. september
2020. Guðsþjónusta kl. 11:00.
Fermingarborn og foreldrar
þeirra sérstaklega hvött til að
mæta. Kór Þorlákskirkju leiðir
safnaðarsöng undir stjórn
Esterar Ólafsdóttur. Verum öll
velkomin til kirkju.

Selfosskirkja

Fjölskyldumessa sunnudaginn
13. september kl. 11:00 í
Selfosskirkju. Umsjón með
stundinni hafa Gunnar
Jóhannesson og Jóhanna Ýr
Jóhannsdóttir. Organisti Edit A.
Molnár.

10. september er alþjóðdagur
sjálfsvígsvoranna. Af því til-
efni verður samverustund
fimmtudaginn 10. september kl.
20:00 í Selfosskirkju. Kveikt á
kertum í minningu látinna ást-
vina. Unnur Birna Björnsdóttir
annast tónlistina. Stundin er
öllin opin. Að samverustund
lokinni gefst fólki tækifæri til að
eiga samfélag yfir kaffibolla í
safnaðarheimilinu.

Hvítasunnukirkjan Selfossi

Samkoma og sunnudagaskóli á
sunnudögum kl. 11:00. English
translation available. Bæna-
stundir á þriðjudögum kl. 20.

Umhverfisverðlaun Rangárbings eystra 2020

Sí. ár hafa Umhverfisverðlaun
Rangárbings eystra verið
veitt á Kjotsúpuhátiðinni. Þrátt
fyrir að engin sé hátiðin í ár var
nauðsynlegt að verðlauna íbúa
í sveitarfélaginu fyrir natni og
snyrtimennsku á sínu nærum-
hverfi.

Veitt eru verðlaun í þremur
flokum og í ár barst metfjöldi
tilnefninga frá íbúum. Umhverf-
is- og náttúruverndarnefnd tekur
svo lokaákvörðun um verð-
launahafa.

Verðlaunahöfum er óskað

hjartanlega til hamingju með
viðurkenningarnar.

Snyrtilegasta býlið 2020

Skarðshlíð 1 - Kolbrún Hjaltadóttir og Ólafur Tómasson

Snyrtilegasta fyrirtækið 2020

Skálakot - Guðmundur Jón Viðarsson og Jóhanna Þórhallsdóttir

Snyrtilegasti garðurinn

Litlagerði 18 - Guðrún Ósk Birgisdóttir og Björgvin Bjarnason

Norðrið, samsýning listamanna frá
Íslandi, Svíþjóð og Finnlandi

19. september – 20. desember



Á þessum tímum hnattrænnar
ahlýnnar og ófgafullrar
umhverfisbreytinga, má spyrja
hvort umhverfið eins og við
þekkjum það í dag muni aðeins
standa eftir sem hverful minning.
Fótspor mannsins hefur varanleg
áhrif á jörðina, það breytir
náttúrulegu umhverfi hennar á
grimmdarlegan og óafturkallan-
legan hátt, og er það hvergi
augljósara en á norðurheim-
skautinu. Í löndunum sem liggja
næst norðurheimskautinu eru
breytingarnar óvenju miklar –
jökla hopa og hitastigið hækkar
hraðar en nokkurs staðar í heim-
inum. Landslag Norðurlanda er
að breytast á hrikalegan hátt af
völdum áhrifa hinnar afskiptalausu
og sjálhverfu mannskepnu. Náttúra þessara landa,

sem áður fyrr var dásömuð fyrir
sína einstöku fegurð, er að um-
breytast vegna hörkulegra áhrifa
veðurfarsbreytinga. Vegna þessara
nýtilkomnu breytinga á landslagi
jarðarinnar, finna margir listamenn
hjá sér þörf til að horfa til viðkvæmni
náttúrunnar og búa til verk sem sýna
þetta sjónarhorn. Á sumum stöðum
hafa þessar breytingar leitt í ljós
nýtt landslag, áður óséð, en á öðrum
stöðum hafa landshlutar verið kaffærðir
til framtíðar.

Norðrið einblínir á Norður-
löndin og hið breytilega um-
hverfi þeirra, og skoðar þau
áhrif sem náttúrubreytingar eru
að hafa á hugmyndir og tjáningu
listamanna, út frá veðurfars-
breytingum, sér í lagi veðurfari
Skandinavíu. Sem tilraun til að
setja skilning í þessar hröðu
breytingar á landslagi Norðurl-
landa, staðhæfa listamennirnir
sem valdir voru, að óstöðugleiki
og breytingar séu nauðsynlegur
hluti náttúrunnar. Þar sem áhrif
veðurfarsbreytinga á Norðurlöndin
hafa í för með sér óvissu með
framtíð þess landslags sem við
þekkjum, setja þessir sex listamenn
fram nýja sýn á tilgang og stöðu
mannsins, og nýta sér list sína til að
komast í sátt við breytingu og
endursköpun náttúrunnar.

Árgunnur Ýr, Erna Skúladóttir,
Ulrika Sparre, Pétur

Thomsen, Ingibjörg Friðriksdóttir og Nestori Syrjälä setja fram blöndu af tjáningu, allt frá gagnrýnum heimildum til ljóðrænna ákalla. Hvernig getum við aftur tengst hinu ómennska og tjáð náttúruna, tengst aftur landslagi og umhverfi sem hin ágenga mannskepna er að rífa í sundur, og skoðað náttúru sem er ekki bara bara „annað en maðurinn“? Við teljum náttúruna, fjallið, vera stöðugt, óbreytilegt, gegnheilt – staðfastan minnisvarða umhverfis okkar, en þessi verk viðurkenna hversu hverful hún í rauninni er. Útkoman verður fegurð, viðkvæm, en þó sterk, og leið til að rísa upp á ný. Þau búa til einstaka hugmynd um landslag, landlist og umhverfisstefnu, bjóða fram nýja sköpun og draumórakent umhverfi, en á sama tíma viðurkenna þau þá staðreynd að umhverfið sem við þekkjum er að hverfa. Þessir listamenn leiða okkur blíðlega aftur í átt að náttúrunni, moldinni, landinu, jörðinni, náttúruöflunum, og leyfa okkur að einbeita okkur að fegurð hennar/þess frekar en þyngsli mannhverfra sjónarmiða. Þau taka burtu hið mennska og færa okkur aftur til jarðneskra róta okkar með því að sýna okkur hinn harkalega sannleik um stöðu náttúrunnar, án þess að skafa utan af því.

HEILSA

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn
meðhöndlun



Áttund

Yoga Nidra
netnámskeið
12. september
thesunflower.is



Ragnhildur
Sigurðardóttir
farsími
693 2197

Cand.mag. í iþróttfræðum,
nálaustungur, yoga,
NLP-master/coach,
nuddmeistari,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.



492 1944 - dfs@dfs.is

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Flóahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur



Aðalskipulagsmál

Samkvæmt 30. og 40. gr skipulagslaga nr. 123/2010 er kynnt skipulags- og matslýsing eftirfarandi skipulagsáætlana.

- Skálabrekka - Lýsing aðalskipulagsbreytingar - Landbúnaðarsvæði í frístundabyggð**
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 20. ágúst að kynningu lýsingu fyrirhugaðrar breytingar á aðalskipulags sveitarfélagsins. Í breytingunni felst skilgreining á 25 ha. svæði fyrir frístundabyggð innan jarðarinnar Skálabrekku L170163. Samhliða er lögð fram skipulagslýsing vegna deiliskipulags.
- Skálabrekka - Lýsing deiliskipulags - Frístundasvæði í landi Skálabrekku**
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 20. ágúst að kynningu lýsingu deiliskipulags vegna fyrirhugaðrar frístundabyggðar í landi Skálabrekku L170163. Innan lýsingar er gerð grein fyrir umfangi og helstu áherslum verkefnisins.
- Heiðarbrún 2-10 í landi Bjarnastaða 1 - Lýsing aðalskipulagsbreytingar - Frístundabyggð í landbúnaðarsvæði.**
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 21. ágúst að kynna fyrirhugaða breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins í landi Bjarnastaða 1 í kringum lóðir Heiðarbrúnar 2-10. Í breytingunni felst að landnotkun svæðisins er breytt úr frístundasvæði í landbúnaðarsvæði.

Deiliskipulagsmál

Samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru kynnt tillaga eftirfarandi deiliskipulagsáætlunar:

- Vatnsholt 1 L166395 - Deiliskipulag**
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 19. ágúst 2020 deiliskipulag fyrir Vatnsholt 1 L166395 og að það væri kynnt á grundvelli 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Í deiliskipulaginu felst sem felst skilgreiningu byggingarheimilda fyrir útihús, skemmu og gestahús. Markmið skipulagsins er að styrkja búsetu og atvinnu svæðisins.
- Brúarhvatn L167225 og Brúarhvatn L174434 - Deiliskipulagsbreyting**
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 20. ágúst 2020 breytingu á deiliskipulagi að Brúarhvatti lóð 1 L167225 og Brúarhvatti lóð 2 L174434. Í breytingunni felst að felld er út byggingarheimild fyrir 30 fm geymsluskúr innan byggingarreits í samræmi við úrskurð Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála 112/2019 auk þess sem gert er ráð fyrir breytti skiptingu lóða innbyrðis auk þess sem byggingarheimild er skilgreind á nýjan hátt án þess að heildar fm fjöldi sé aukinn. Samkvæmt núverandi skipulagi er gert ráð fyrir 500 fm gistiheimili á lóð 2. Með breyttu skipulagi verður heimild fyrir 10 smáhýsum allt að 50 fm að stærð innan lóðar.
- Kjaransstaðir 2 L200839 - Deiliskipulag**
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 20.8.2020 deiliskipulag að Kjaranstöðum 2, L200839. Gert er ráð fyrir því að með samþykkt skipulagsins muni eldra skipulag falla úr gildi. Í nýju deiliskipulagi felst m.a. að notkun lóða breytist úr frístundalóðum í landbúnaðarlóðir, lóðum fækka úr 7 í 6 og skilgreindir eru nýir byggingarskilmálar.

- Þóroddsstaðir L168295, Langirimi - Deiliskipulagsbreyting**
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 21.8.2020 breytingu á deiliskipulagi að Þóroddsstöðum L168295. Í breytingunni felst stækkun svæðisins og samræming götuheita og númerakerfis innan þess.

8. Breiðanes L201727 - Deiliskipulag

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 19.8.2020 deiliskipulag að Breiðanesi L201727. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarheimilda fyrir íbúðarhús, gestahús, vélaskemmu, gróðurhúsi og hesthúsi.

9. Tjarnarhólar - Deiliskipulag - Útivistar og göngusvæði

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 21.8.2020 deiliskipulag að Tjarnarhólum eftir kynningu. Innan skipulagsins er gert ráð fyrir uppbyggingu svæðisins í þágu ferðamanna með gerð bílastæða, göngustíga, gerð upplýsingaskilta og byggingu tveggja þjónustuhúsa. Aðkoma að svæðinu er um núverandi gatnamót Vaðness og Snæfoksstaða frá Biskupstungnabraut. Engar athugasemdir bárust á kynningartíma tillögunnar.

10. Efra-Apavatn 1A L226187, Efra-Apavatn 1 lóð L167652 og L16765 - Deiliskipulag - Skipting landsvæðis

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 2.9.2020 tillögu að deiliskipulagi Efra-Apavatni, Rollutanga. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining lóða og byggingarheimilda innan svæðisins. Lýsing deiliskipulags var kynnt frá 10. júní - 1. júlí 2020.

11. Skálabrekkuvegata 1 L203318, deiliskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 2.9.2020 breytingu á deiliskipulagi fyrir Skálabrekkuvegötu 1 L203318. Í breytingunni felst að skilgreindir eru breyttir byggingarskilmálar innan lóðarinnar vegna mikils landhalla innan byggingarreits. Mænis- og vegghæð mun miðast við hæsta punkt lóðar. Leyfilegt verði að byggja kjallara undir húsið allt að 200 m² og að grafa frá húsinu til að skapa aðkomu fyrir bæði sumarhús og kjallara. Gert er ráð fyrir að umsótt breyting nái eingöngu til lóðar Skálabrekkuvegötu 1 vegna sérstakra aðstæðna innan hennar.

12. Laugarás L167381 - Deiliskipulagsbreyting - Lauftún garðyrkjustöð

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 2.9.2020 breytingu á deiliskipulagi fyrir Lauftún Garðyrkjustöð að Laugará L167381. Í breytingunni felst að skipulagi lóðar er breytt þar sem komið er fyrir þremur gróðurhúsum, pökkunaraðstöðu, véla- og áhaldageymslu/bílskúr og tveimur starfsmannahúsum. Fyrir á lóðinni eru tvö íbúðarhús. Skilmálar deiliskipulags svæðisins frá 29. des. 2011 halda sér óbreyttir að öðru leiti. Málið var tekið fyrir á 195. fundi skipulagsnefndar þar sem það var samþykkt til kynningar. Skipulagið var kynnt frá 8. júlí til 29. júlí. Engar athugasemdir bárust.

Niðurstaða sveitarstjórnar auglýst skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

13. Vaðstígur 1 L227910, 3 L227911 og 5 L227912; Land Kringlu II; Breyting úr frístundabyggð í landbúnaðarsvæði; Aðalskipulagsbreyting - 2007051

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 21.8.2020 tillögu að óverulegri breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins á grundvelli 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í breytingunni felst að 5,5 ha svæði á jörðinni Kringlu 2 er breytt úr frístundasvæði í landbúnaðarsvæði.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni <http://www.utu.is>. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna: <https://www.blaskogabyggd.is/>, <https://www.gogg.is>, <https://www.floahreppur.is/> og <https://www.skeidgnup.is/>

Skipulagslýsingar og tillaga deiliskipulags eru í kynningu frá 9.9.2020 til og með 30.9.2020 og skulu athugasemdir og ábendingar berast eigi síðar en 30.9.2020

Skipulagstillögur og breytingar eru auglýstar með athugasemdafrest frá 9.9.2020 til og með 22. október 2020. Athugasemdir og ábendingar skulu berast eigi síðar en 22. október 2020.

Athugasemdir og ábendingar skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið vigfus@utu.is.

Vigfús Þór Hróbjartsson, skipulagsfulltrúi UTU.

Skóli í skugga Covid-19

Það voru blendnar tilfinningar hjá nemendum sem blaðamaður ræddi við í haust þegar ljóst var að skólastarfið í FSu yrði með öðrum hætti en hefðum samkvæmt. „Þetta leggst illa í mig að byrja. Ég er bara mjög stressuð fyrir því að byrja,“ sagði ung dama við blaðamann. Þegar hún var spurð nánar var það auðvitað að fjarnám, nýr skóli, nýtt kerfi en líka það að félagslífið, sem hún hafði hlakkað til að taka þátt í, yrði sennilega með mjög takmörkuðum hætti. Það er mikið lagt á krakkana okkar um þessar mundir, eins og aðra hópa. Á vígstöðvum FSu var allt á fullu við skipulag og undirbúning þess að taka nýnema á hús, þannig að þeim liði sem best miðað við aðstæður. Við settumst niður með Olgu Lísu, skólameistara FSu og heyrðum hvernig þau væru undir veturinn búið og hvernig gengið hefði þessa fyrstu skóladaga.

Helmingur fjarnám og helmingur staðnám

Hvernig er skólabyrjunin að ganga? „Við bara byrjuðum. Fengum nýnema á hús til okkar þann 18. ágúst. Það varð hinn eiginlegi nýnemadagur. Þar var þeim kennt allt sem þau þurfa að kunna. Við skárum hann heilmikið niður, en einbeittum okkur að því að kenna það sem þarf til þess að komast af stað í fjarnáminu. Þá tókum við þau aftur á hús og fórum með þeim þvers og kruss um skólabygginguna, og þau hittu kennara sína,“ segir Olga Lísu. Við spurðum þá út í fyrirkomulag námsins og hvernig því verður háttað með öllum þeim breytum sem þar gilda. „Það verður reynt að kenna helming af öllu bóknámi hér og helming í fjarnámi þannig að þau hafi þennan snertiflöt við skólann sem er mikilvægur, þetta samtal milli nemenda við hvern annan og kennara augliti til auglitis“, segir Olga. Það er á henni að heyra að það hafi verið tilfinnanlegt bæði frá hendi kennara og nemenda að það væri málum blandið að geta ekki átt samtal augliti til auglitis í skólastofu, það vanti einhverja dýnamík í skólastarfið þegar það er ekki.

Hrikti verulega í stoðunum að koma rafrænu námi af stað

Þegar kom að því að skrá alla nemendur í gang og fjarnámið átti að hefjast fyrir alvöru, stóðst kerfið ekki álagið. „Það var allt í tómu fári með það að nemendur náðu ekki inn,



kennarar náðu ekki í gegn og svo framvegis,“ segir Olga. Það varð mikill titringur þessa daga, því að kerfið virkaði ekki eins og ætlast var til. „Hér reyttum við hár okkar yfir þessu, og sendum kvörtun til þeirra aðila sem hýsa og sjá um Innu, sem allt snýst um. Þeir voru búnir að vera sveittir við að laga þetta. Við fórum í helgarfrí með temmilega bjartsýni á að þetta muni lagast,“ segir Olga. Það hrikti verulega í stoðum þessa daga, en fall er oft faraheill. Þegar blaðamaður líkti þessu við að koma bátum á flot tók Olga undir og sagði já eins og í fjöru fullri af grjóti þar sem erfitt var að stýra frá stórum steinum. Kerfið nú er þannig byggt upp að hægt er að taka upp kennslutíma, vera með kennslu í streymi og svo framvegis, sem ekki var í boði í gamla kerfinu. Það eitt eru miklar framfarir þar sem áður byggði námið á því að senda skjöl á milli, sem var og er dálítið gamaldags. Breytingarnar tóku á eins og segir, en allt er gott sem endar vel.

Mórállinn góður þrátt fyrir allt

Það hefur mikið gengið á og skólastarfið, verulega óhefðbundið svo vægt sé til orða tekið. Það brennur á að spyrja hvernig mórállinn sé. „Mórállinn er ótrúlegur. Ég er búin að marghæla kennurum og nemendum fyrir það hvað þau láta yfir sig ganga. Það er eitt að hoppa inn í þessa stöðu og annað að hún virki ekki. Þetta er svona eins og við værum að klofast yfir hálfsteiptan skólann

eða hér væri eitt borð fyrir þrjá eða hvað það nú er. Þetta var bara ótrúlega pirrandi og óþarfa vesen sem fylgir því að fara í vinnuna. Hér hafa allir staðið sig með þryði, það er ekki hægt að segja annað, en mér heyrir að þetta sé allt saman farið að ganga smurt,“ segir Olga.

Allir meðvitaðir um stöðuna, félagslífið verður öðruvísi

Eftir því sem spjallinu vindur fram er á Olgu að heyra að allir séu meðvitaðir um þá stöðu sem nemendur og kennarar eru í. Það sé reynt að mæta því eins og kostur er. Varðandi félagslífið er það augljóst að það verður með breyttu sniði. Það er þó fram undan að setjast niður með nemendaráðinu og kanna hvaða leiðir eru í boði að hafa félagslífið með rafrænum hætti. Það verði að stóla dálítið á það að láta sér detta eitthvað til hugar sem getur glatt samnemendur og aðra, létt þeim lífið á þessum sérstöku tímum.

Nýnemar í húsi þessa vikuna

Þessa viku eru nýnemar í húsi og þeim er kennt á staðnum. Það var metið nauðsynlegt til þess að tryggja að allir séu á besta stað miðað við það breytta snið sem á kennslunni er. Allir eru með krosslagða fingur um að ástandið fari batnandi.

Þrátt fyrir allt hefur þetta gengið vel og skólinn farinn af stað. Fall er faraheill og við óskum nemendum og kennurum velfarnaðar á siglingunni fram undan.

-gpp

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIDI 9, SELFOSSI - Sími 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápavíðgerðir - Almennar raflagnir

BÓNFEDGAR
Gagnheiði 51 - Selfossi
Símar 482 2327 - 848 2327
- Sækjum og skilum -

Jiibbii
Siggafærðir
- Flutningaþjónusta -
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

Rétting og málun
Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
Sími 480 8020

FYLGD
Útfararþjónusta
Gisti G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT
Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is

BRAC AF VINATTU!
Fæst hjá BYKO Selfossi

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala Rennismiði Innréttingar Járnsmiði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Hjólbarðapjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
Hjólbarðar Betri vörur - betra verð

Sprettur ÁBURÐUR
Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

Bílasprautun - Bílaréttingar Bílrúðuskipti
Bilverk BA
- þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Lagnapjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími
.25. ára